

Ár 2010, þriðjudaginn 25. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar Fjallabyggð

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breytingu á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Með bréfi heilbrigðisráðuneytisins, dagsettu 22. desember 2009, fylgdu afrit af bréfum ráðuneytisins sem send höfðu verið fráfarandi forstjórum og framkvæmdastjórum vegna sameiningar heilbrigðisstofnana í Fjallabyggð. Í bréfunum kom fram að eftirtaldar heilbrigðisstofnanir hefðu verið sameinaðar undir nafninu Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð og að sameiningin tæki gildi 1. janúar 2010: Heilbrigðisstofnunin Siglufirði og Heilsugæslustöðin Ólafsfirði.

II.

Með bréfum dagsettum 8. apríl 2010 var heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun. Með bréfi dagsettu sama dag var forstjóranum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um aukastörf og hlunnindi, sem starfinu fylgdu.

Forstjórinn gegndi áður starfi forstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði. Í bréfi hans, dagsettu 21. apríl 2010, sagði meðal annars að sameiningin hefði haft aukna vinnu í för með sér og ekki síður hinn mikli niðurskurður sem stofnunin hefði þurft að sæta. Sem hlunnindi fengi hann greiðslu fyrir 167 kílómetra á mánuði í bílastyrk.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins, dagsettu 26. apríl 2010, sagði að ekki yrði séð að um miklar breytingar yrði að ræða en nokkur samdráttur hefði þegar orðið á starfsemi Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði fyrir þessa breytingu.

Heilbrigðisráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 26. apríl 2010. Í því var sagt hvaða stofnanir hefðu verið sameinaðar. Starfsmönnum sem heyrðu nú undir forstjóranum hefði fjölgað um 13 og fjárhagslegt umfang hefði aukist lítillega eða um rúmlega 51 milljón króna.

III.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð er ný stofnun sem orðið hefur til með sameiningu tveggja heilbrigðisstofnana. Hin sameinaða stofnun er litlu stærri en Heilbrigðisstofnunin Siglufirði var en starfsemin er á tveimur stöðum. Við ákvörðun launa forstjórans hefur verið

tekið mið af þeim launum sem forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði hafði og launum forstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar Fjallabyggð skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

IV.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2010 skulu mánaðarlaun forstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar Fjallabyggð vera samkvæmt launaflokki 502-129, nú krónur 558.620. Að auki skal greiða honum 8 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126 nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Heilbrigðisstofnunarinnar Fjallabyggð gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson